



Trúður á himninum



Áður en sjónaukinn var fundinn upp á 17. öld héldu flestir að Jörðin væri miðja alheimsins. Fólk taldi að sólin, neikistjörnurnar og allar stjörnurnar snerust í kringum okkur! Það var ekki fyrr en við höfðum tækni til að skyggjast djúpra út í geiminn að okkur varð ljóst, að Jörðin ferðast ekki aðeins í kringum sólina, heldur ferðast sólin í kringum miðju Vetrarbrautarinnar.

Undanfarna öld hafa sjónaukar orðið þróaðir gríðarlega hratt. Nú höfum við risastóra útvarpssjónauka sem ná yfir meira en 50 km svæði og eigum meira að segja sjónauka sem við sendum út í geiminn! Með þessum öflugum tækjum höfum við afhjúpað margða af djúpstu leyndardómum alheimsins, nokkuð sem forfedur okkar gátu varla látið sig dreyma um!

Á myndinni hér fyrir ofan sést hringpoka, leifar stjörnu sem dó hægt og rólega. Þessi tiltekna poka nefnist „Trúðapokan“, sérðu hvers vegna? Hún minnir á trú með skrautlegt úfið hár og stórt, glansandi nef í miðjunni!

Þokan fannst árið 1757 en í dag erum við enn að læra eitthvað nýtt um hana! Fjólublái liturinn sýnir gas sem er milljón gráðu heitt. Rauða, græna og bláa mynstrið sýnir ytri lög stjörnunnar sem vörpuðust út í geiminn. Ekki er langt síðan stjörnufræðingar fundu tvær mjög heitar stjörnur sem búa í miðju þessa gasskýs og dansa í kringum hverja aðra!

COOL FACT

Galíleó Galílei var einn fyrsti maðurinn sem bendi sjónauka til himins. Á sinni ævi bylti hann skilningi okkar á alheiminum. Hann sýndi okkur að tunglið er ekki slétt og fellt heldur þakið gígum; að sólin okkar hefur bletti og að Júpíter hefur sín eigin tungl!

